


# Sýklalyfjaónæmi – aukin ógn við heilbrigði manna


Sýklalyfjaónæmi er geta baktería til að berjast gegn virkni eins eða fleiri sýklalyfja. Menn og dýr verða ekki ónæmir gegn sýklalyfjagjöf en bakteríur í mönnum og dýrum geta orðið það.

Sýkingarbyrði vegna fjölonæmra baktería á íbúa Evrópu er sambærileg við sýkingabyrði inflúensu, berkla og HIV/alnæmis samanlagt.



## 33.000 andlát

Á hverju ári deyja 33.000 manns úr sýkingum vegna fjölonæmra baktería. Þetta er sambærilegt við fjölda farþega í meira en 100 miðlungsstórum flugvélum.



75% af íþyngjandi áhrifum baktería sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum er vegna sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustu. Þetta væri hægt að lágmarka með fullnægjandi smitvörnum og varnarráðstöfum, sem og með sýklalyfjastjórnun.

## Aukin byrði


Á milli árunna 2007 og 2015 jukust íþyngjandi áhrif af öllum 16 sýklalyfjaónæmu bakteríum sem verið er að rannsaka og þá sérstaklega *Klebsiella pneumoniae* og saurgerlar (*e. Escherichia coli*)

### *Klebsiella pneumoniae*

Fjöldi dauðsfalla sem hægt er að rekja til *Klebsiella pneumoniae* sem er ónæm fyrir karbapenemösum (e. carbapenems) – flokki sýklalyfja sem eru notuð sem neyðarúrræði – jókst sexfalt.

### *Escherichia coli*

Fjöldi dauðsfalla sem rekja má til sýkinga með þriðju kynslóðar sefalósörin (e. cephalosporin)-ónæmra saurgerla (*e. Escherichia coli*) jókst fjórfalt.



## Lausnir

Enn er tími til að bregðast við sýklalyfjaónæmi og tryggja að sýklalyf haldist virk í framtíðinni með því að:



Notaðu sýklalyf varfærnislega og aðeins þegar þau eru nauðsynleg.



Innleiða verður góðar smitvarnir og stjórnun, þar á meðal handþvott sem og leit að smitberum sem bera í sér bakteríur sem eru ónæmar fyrir fjölylfjum og einangra smitaða/smitberandi sjúklinga.



Stuðla verður að rannsóknum og þróun nýrra sýklalyfja með nýjum verkunarháttum.



## Sýklalyf sem eru notuð sem neyðarúrræði

39% af hinum íþyngjandi áhrifum eru vegna baktería sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum sem eru notuð sem neyðarúrræði svo sem eins og karbapenemösum (e. carbapenems) og kólistín (e. Colistin) - síðasta neyðarúrræðið þegar kemur að lækningum.

## Allir bera ábyrgð

Allir bera ábyrgð á því að takast á við þessa ógn við heilsu mannkyns: sjúklingar, læknar, hjúkrunarfræðingar, lyfjafræðingar, dýralæknar, bændur, stefnumótendur.

